

## Framlenging hættumats vegna ofanflóða á Ísafirði til norðausturs út fyrir Hnífsdalsveg 27

Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Arnalds


21.2.2003

Nokkru eftir kynningu hættumats vegna ofanflóða fyrir Ísafjörð og Hnífsdal þann 19. júlí 2002 kom fram ósk frá hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar um að mörkum hins hættumetna svæðis yrði hnikað til þannig að hættumatið næði til Hnífsdalsvegar 27.

Aðstæður á þessum stað voru kannaðar af Tómasi Jóhannessyni og Þorsteini Arnalds þann 10. desember sl. og ræddar við Odd Pétursson, snjóathugunarmann Veðurstofunnar á Ísafirði. Aðstæður eru í aðalatriðum sambærilegar við svæðið næst fyrir innan nema undirlendi er heldur minna ofan húsanna. Beint ofan Hnífsdalsvegar 27 er gilskora og nokkurt upptakasvæði fyrir snjóflóð sem beinast í áttina að húsunum sem hér er um að ræða. Annað margklofið gil er nokkru utar en stefna flóða úr því er utan við húsin. Hugsanleg upptakasvæði snjóflóða voru afmörkuð í þessum giljum á sama hátt og áður hafði verið gert innar í hlíðinni. Hættumatslínur voru framlengdar út fyrir Hnífsdalsveg 27, sbr. meðfylgjandi kort. Framlengingin miðast að mestu leyti við að gæta samræmis við sambærilega staði undir Gleiðarhjalla, þar sem hættumat hafði þegar verið gert.











Áhætta á svæðinu er talin meiri en þar rétt fyrir innan, á ysta hluta gamla hættumetna svæðisins, og sambærileg við svæðið við Stórurð en minni en við Stakkaneshrygg. Mörk hættusvæðis C eru dregin við rennslisstig rúmlega 11 til 11,5 en til samanburðar eru mörk svæðisins neðan annarra hluta Gleiðarhjallans á rennslisstigabilinu tæplega 10 til 12. Hættumatslínurnar stefna í átt að ströndinni vegna þess að hlíðin næst ofan við húsin og veginn er heldur brattari á þessu svæði en innar og nær eyrinni.

Gerð hafa verið ný kort sem sýna mörk hættumetins svæðis, niðurstöður líkanreikninga og ný útgáfa hættumatskorts sem sýna matið eftir þessa breytingu. Þessi kort eru fyrir greinargerð hættumatsnefndar með hættumatskortinu sem sent verður ráðherra til staðfestingar.



Veðurstofa Íslands  
febrúar 2003


Ísafjörður, Gleiðarhjalli  
Kort 5. Niðurstöður líkanreikninga


-  upptakasvæði
- Rennslisstig**
-   $\alpha$ - $\beta$  líkan
-  upptakastaður
-   $\beta$
-   $\alpha + 2\sigma$
-   $\alpha + \sigma$
-   $\alpha$
-   $\alpha - \sigma$
-   $\alpha - 2\sigma$
-  viðmiðunarpunktur

1:10000  
0 100 200 300 m












**Veðurstofa Íslands**  
 febrúar 2003

**Ísafjörður**  
**Kort 7. Hættumat**

-  jafnáhættulína, áhætta =  $3.0 \cdot 10^{-4}$
-  jafnáhættulína, áhætta =  $1.0 \cdot 10^{-4}$
-  jafnáhættulína, áhætta =  $0.3 \cdot 10^{-4}$
- C** Hættusvæði C: áhætta  $\geq 3.0 \cdot 10^{-4}$
- B** Hættusvæði B: áhætta  $1.0 \cdot 10^{-4} - 3.0 \cdot 10^{-4}$
- A** Hættusvæði A: áhætta  $0.3 \cdot 10^{-4} - 1.0 \cdot 10^{-4}$

1:10000   
 0 100 200 300 m